

Umsókn um framkvæmdaleyfi

Mosfellsbær 01/03/2022

Varðar tengingu Holtastöðvar, fráveitudælustöðvar Mosfellsbæjar við hitaveitu.

Núverandi staða:

Aðstaða og aðbúnaður í Holtastöð er með þeim hætti í dag að engin tenging er til staðar við hitaveitukerfi Mosfellsbæjar. Þörfin á aðfærðu heitu vatni að stöðinni er þrátt fyrir það þó nokkur, en rekstrarvandamál tengd mikilli fitusöfnun í fráveitukerfum eru vel þekkt og að öllu jöfnu leyst með heitu vatni þegar aðgengi að því er fyrir hendi. Sú lausn sem unnið hefur verið með í Holtastöð fram að þessu er að sækja heitt vatn á tanka í þjónustustöð sem flutt hefur verið á bílum að Holtastöð til notkunar þar. Mikil hagræðing yrði því fólgin í því að tengja stöðina hitaveitu og færa hana þannig í átt að nútímanum.

Forsendur:

Horft er til þess að lögð verði um 140 m heimlögn hitaveitu frá Arkarholti að Holtastöðinni sem er bæði stysta og hagkvæmasta lagnaleið sem völ er á m.t.t. innviða hitaveitu, vegalengdar og röskun mannvirkja innan svæðis. Gengið er út frá því að fyrirhuguð lagnaleið hitaveitu sé um opið svæði og að ekki sé gert ráð fyrir byggingu mannvirkja þar sem taka þarf tillit til við ákvörðun um framtíðarlegu umræddrar veitulagnar.

Kostnaðarmat:

Gróflega áætlaðan og sundurliðaðan kostnað vegna verkefnisins má sjá hér að neðan.

Verð eru án vsk.

- Jarðvinna	kr. 300.000
- Söndun og flutningur	kr. 50.000
- Lagnaefni (PEX32)	kr. 330.000
- Vinna við lagnir	kr. 100.000
- Frágangur í verklok	kr. 50.000
- <u>Ófyrirséð</u>	kr. 150.000
Samtals	kr. 980.000



Mynd 1 – Áætluð lega hitaveitutengingar úr Arkarholti að Holtastöð, merkt með grænum lit.

Óskað er leyfis til framkvæmda við lagningu hitaveitulagnar úr Arkarholti að Holtastöð til samræmis við framlagðar forsendur og lýsingu verkefnis hér að framan.

Gunnar Hrafn Gunnarsson
Fagstjóri Veitna í Mosfellsbæ